

# Samningur um umsjón og rekstur náttúruvættisins Tungufoss í Mosfellsbæ

1. gr.

## *Samningsaðilar og markmið*

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880, og sveitarfélagið Mosfellsbær kt. 470269-5969 gera með sér samning um umsjón náttúruvættisins Tungufoss í Köldukvísl í Mosfellsbæ í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Samkvæmt samningi þessum skal umsjón og rekstur náttúruvættisins vera í höndum sveitarfélagsins Mosfellsbæjar og í samræmi við auglýsingu um náttúruvættið Tungufoss í Mosfellsbæ.

2. gr.

## *Um friðlýsinguna*

Mosfellsbær, kt. 470269-5969, sem landeigandi og stjórnvald er samþykktur tillögu um friðlýsingu Tungufoss í Köldukvísl sem náttúruvættis skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Tungufoss er fallegur foss neðarlega í Köldukvísl í Mosfellsbæ, á móts við Leirvogstungu og dregur fossinn nafn sitt af bæjarnafninu. Við Tungufoss má sjá leifar af heimarafstöð sem var reist árið 1930 af bóndanum í Leirvogstungu og bræðrum hans og framleiddi stöðin rafmagn fyrir bæinn fram til ársins 1958. Tveir fallegir hylir eru neðan við Tungufoss: Keríð, sem er beint fyrir neðan fossinn, og Klapparhylur litlu neðar. Nærsvæði fossins er vinsælt til útivistar en hið friðlýsta svæði er 1,4 hektarar að stærð.

3. gr.

## *Markmið friðlýsingarinnar*

Markmiðið með friðlýsingu Tungufoss sem náttúruvættis er að vernda fossinn sjálfan sem og menningarminjar innan þess. Svæðið hefur mikið útivistargildi enda fjölsótt bæði af bæjarbúum og öðrum gestum og mikilvægt að treysta útivistar- og fræðslugildi þess.


4. gr.

## *Mörk náttúruvættisins*

Mörk svæðisins liggja frá upphafspunkti sem er um 100 metra ofan við göngubru yfir Köldukvísl. Markalínan liggur í um 200 metra í norðausturátt meðfram Köldukvísl að vestanverðu, en um 50 metra ofan við Tungufoss liggur hún þvert yfir Köldukvísl og í brún klettabeltis austan við ána. Línan fylgir brúninni u.þ.b. 250 metra niður með ánni að horni sem er um 100 metra frá áðurnefndri göngubru. Þaðan liggja mörkin þvert yfir Köldukvísl í upphafspunkt.

SS  
KVA

Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu (ISN93) og á eftirfarandi uppdrætti:



Nr	X	Y
101	369610,278	411126,472
102	369632,804	411089,479
103	369683,245	411116,727
104	369707,300	411135,339
105	369716,606	411147,630
106	369718,362	411160,974
107	369725,210	411172,036
108	369734,516	411181,517
109	369742,944	411201,939
110	369735,311	411236,625
111	369749,777	411252,745
112	369754,944	411282,505
113	369714,851	411297,612
114	369684,264	411253,985

*[Handwritten signature]*  
KUK

5. gr.

*Verndun gróurs og landslags*

Óheimilt er að spilla jarðmyndunum og gróðri innan náttúruvættisins. Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka þess, í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Umsjónaraðila, í samráði við Umhverfisstofnun, er heimilt að uppræta framandi tegundir svo sem alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), skógarkerfil (*Anthriscus sylvestris*) og spánarkerfil (*Myrrhis odorata*).

6. gr.

*Veiði og notkun skotvopna*

Notkun skotvopna er bönnuð innan marka náttúruvættisins.

Landeigendum og öðrum réttihöfum er heimil stangveiði í ánni eins og verið hefur í samræmi við ákvæði laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

7. gr.

*Umferð og umgengi um náttúruvættið*

Almenningi er heimil för um náttúruvættið en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Óheimilt er að urða eða henda rusli og úrgangi innan náttúruvættisins.

Umferð vélknúinna farartækja og lausaganga hunda er óheimil innan marka þess.

8. gr.

*Umsjón með náttúruvættinu*

Umsjón og rekstur náttúruvættisins skal vera í höndum Mosfellsbæjar samkvæmt sérstökum samningi milli sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar sem umhverfisráðherra staðfestir.

Í samningnum skal meðal annars kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, reglulegt eftirlit og fræðslu.

9. gr.

*Verndar- og stjórnunaráætlun*

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Tungufoss í Köldukvísl í samráði við Mosfellsbæ, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Í verndar- og stjórnunaráætluninni skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

10. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð*

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun.

SS  
KKA

## 11. grein

### *Umsjón og landvarsla*

Mosfellsbær sér um daglega umsjón og rekstur náttúrvættisins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægi rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski o.s.frv. Málefnum sem upp kunna að koma upp og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Mosfellsbær greiðir laun og annan kostnað vegna daglegrar umsjónar og rekstrar náttúruvættisins. Sveitarfélaginu Mosfellsbæ er heimilt að taka þóknun fyrir þjónustu sem veitt er innan náttúruvættisins svo sem leiðsögn um svæðið. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

Ef ráðinn er landvörður fyrir náttúruvættið skal viðkomandi að lágmarki uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

## 12. gr.

### *Fræðsla*

Umhverfisstofnun og Mosfellsbær hafa samstarf um gerð fræðsluefnis um náttúruvættið svo sem bæklinga og skilta. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar vegna útgáfu fræðsluefnis skal samið hverju sinni.

## 13. gr.

### *Skýrslugerð*

Mosfellsbær skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu fyrir 1. nóvember ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi innan náttúruvættisins.

Í skýrslunni skal m.a. fjalla um ástand svæðisins, áætlaðan gestafjölda, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim svo og annað sem kann að skipta máli varðandi náttúruvættið.

## 14. grein

### *Eftirlit Umhverfisstofnunar*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli skuldbindingar í samræmi við samning þennan og þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og verndaráætlun.

## 15. gr.

### *Gildistaka*

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra. Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.

*Handwritten signature and initials: AKA SS*



16. gr.

*Ákvæði um endurskoðun*

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum, hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að þremur árum liðnum frá undirritun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er sex mánuðir.

17. gr.

*Meðferð ágreiningsmála*

Umhverfisiráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

*Mosfellsbæ 25. apríl, 2013*


F.h. Umhverfisstofnunar

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

F.h. Mosfellsbæjar


  
Haraldur Sverrisson  
Borgarstjóri

Staðfesting umhverfisiráðherra:

  
Svandís Svavarsdóttir.

Yottar:

  
Bjarni Björnsson

  
Jón Þórunn